

NORÐURLJÓŚ


Fréttabréf Norðuráls

11. tbl. 7. október 2012. Ritstjórar: Sólveig Kr. Bergmann og Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Bjarni Ingi Björnsson, Sigurður Arnar Árnason, Sverrir Þór Guðmundsson og Steinunn Kr. Pétursson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir o.fl.



NORÐURÁL
Century ALLIANCE



Ljasm. Ísa Gunnar Mýrdal

CA Vlissingen Operation

-forskauteverksmiðjan í Hollandi

Gestabækurnar á Akrafjalli

-eitt af samfélagsverkefnum Norðuráls

Hinn Gullni meðalvegur

-næring og heilsa

Stækkar í takt við álverið

-viðtal við Sverri Þór Guðmundsson

Fimm tonna konurnar

-deildarkynning

Norðurál fær ISO 9001 vottun

Gæðastjórnunarkerfi Norðuráls á Grundartanga hefur verið vottað samkvæmt ISO 9001 staðlinum.

Unnið hefur verið að innleiðingunni frá árinu 2010, en ákvörðun var tekin árið 2009 um að stefna að vottun.

Það var British Standards Institute (BSI) sem tók út starfsemi fyrirtækisins dagana 8. og 9. október sl. Engin frávik komu fram, sem er frábær árangur. Hjá Norðuráli hefur verið kappkostað að verkferlar séu vel skilgreindir og skýrir, og það hefur nú

fengist staðfest. ISO staðlar eru alþjóðleg viðmið í viðskiptum milli fyrirtækja og viðurkenndir til að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri. Bergþór Guðmundsson, gæðastjóri Norðuráls, segir alla starfsmenn sem leitað var til hafa verið mjög jákvæða og tilbúna að leggja sitt af mörkum.

„Gæðatenglar, sem eru starfsmenn sem koma frá öllum sviðum innan fyrirtækisins, hafa unnið ötullaga að uppbyggingu gæðahandbókarinnar hver fyrir sitt svið. Gæðatenglarnir hafa líka

tekið út ferla og gæðaskjöl á öðrum sviðum en sínu eigin, þannig hefur reynsla og þekking flætt á milli þeirra starfsmanna sem hafa þetta hlutverk með höndum. Einnig hefur fjöldi annarra starfsmanna í mörgum deildum fyrirtækisins komið að málum og unnið mjög gott starf.“ Með ISO 9001 vottun verður til möguleiki á að selja ál beint á markað, sem eykur samkeppnishæfni Norðuráls. Vottunin staðfestir að hjá fyrirtækinu eru ferlar fastir í sessi og skjalfestir.

Frh. bls.2

Stefnt að vottun á umhverfismálum og vinnuöryggi

„Tilgangurinn með því að innleiða gæðastjórnun samkvæmt ISO 9001 er margþættur. Hún styður við hlutverk fyrirtækisins; skapa verðmæti á samkeppnisferan hátt, framleiða ál sem mætir þörfum viðskiptavina og vera ábyrgur þegn í samfélaginu. Ferlamiðað gæðastjórnunarkerfi eykur framleiðni fyrirtækisins og hefur innbyggða virkni um stöðugt endurmat og endurbætur á ferlum, meðal annars með innri og ytri úttektum og virku ábendingakerfi,“ segir Bergþór ennfremur.

Byrjað er að undirbúa vottun samkvæmt ISO 14001 umhverfisstaðlinum og OHSAS 18001 öryggisstaðlinum og er stefnt að vottun árið



2013. Sama kerfi, þ.e. gæðahandbókin sem búið er að byggja upp í tengslum við gæðastjórnunarkerfið, verður notuð sem grunnur til að halda utan um skjöl tilheyrandi ISO 14001 og OHSAS 18001.

Því má segja að hin formlega staðfesting BSI á því að gæðastjórnunarkerfi Norðuráls uppfylli ISO 9001 sé upphafið að stöðugu aðhaldi með verkferlum, til að tryggja að fyrirtækið mæti ávallt kröfum staðalsins. Skirteinið fyrir ISO 9001 vottunina hefur þegar verið gefið út rafrænt, en formleg afhending fer fram fljótlega. Skirteinið gildir til þriggja ára í senn og innan þess tíma verður gæðastjórnunarkerfið tekið út af BSI með tveimur heimsóknum á ári.



Talið frá vinstri: Gunnar Guðlaugsson, Dagrún B. Sigurðardóttir, Svavar Ingþórsson, Garðar G. Garðarsson, Pétur Ottesen, Steinar V. Steinarsson, Ragnar Guðmundsson og Einar F. Björnsson.

Á myndina vantar þau Magnús Val Magnússon og Sigríði Rafnsdóttur sem einnig fagna 10 ára starfsafmæli í ár.

10 ár hjá Norðuráli

Á haustmánuðum, ár hvert, er haldið samkvæmi til heiðurs þeim starfsmönnum sem unnið hafa hjá Norðuráli í tíu ár. Eins og undanfarin ár var samkvæmið haldið á Hótel Holti og áttu starfsmenn ásamt mökum sínum ánægjulega kvöldstund. Ragnar Guðmundsson forstjóri

flutti stutt ávarp og framkvæmdastjórar héldu tölu um hvern og einn starfsmann sem fagnaði 10 ára starfsafmæli. Pétur Ottesen, sem hóf störf hjá Norðuráli árið 1998, fór í nokkrum orðum yfir aðdragandann að ákvörðun fyrir staðarval álvers á Grundartanga og rífaði m.a.

upp undirskriftasöfnun sem ýtt var úr vör til stuðnings því að álverið risi þar sem það er nú staðsett. Heiðursgestirnir, starfsmennirnir sem fögnuðu tíu ára starfsafmæli sínu, voru svo leystir út með gjöfum frá Norðuráli.

Ása Birna Viðarsdóttir

Öruggt atferli

Beth Howard frá Aubrey Daniels International, fyrirtækinu sem veitir okkur ráðgjöf í öruggu atferli, heimsótti Norðurál í lok októbermánaðar. Beth hitti flest kjarnateymin í verksmiðjunni að A-vaktinni undanskilinni. Að mati ráðgjafans gengur innleiðingin vel og verkefninu miðar mun betur áfram en hún þorði að vona. Vænta má skýrslu síðar sem verður dreift til starfsmanna. Mikil þjálfun er framundan en í ráði er að endurnýja að hluta til í kjarnateymunum og fylla í skörð þeirra sem eru hættir. Það hefur reynt tiltölulega auðvelt að endurnýja hópana þar sem starfsmenn gera sér grein fyrir því að öruggt atferli hefur skilað miklum árangri í öryggi á vinnustaðnum okkar. Reikna má með að þessi þjálfun standi fram í desember. Á sama tíma og Beth gerði sína úttekt var hér hópur stjórnenda frá álveri Century í Hawesville



Frá vinstri, Kristmar Páll Sigurðarson, Gunnar Guðlaugsson, Ásgeir Ólafsson og Briet Sigriðardóttir starfsmenn C-vaktarinnar kynna niðurstöður verkefni síns á námskeiði í öruggu atferli

í Kentucky til að kynna sér öruggt atferli en starfsmenn á þeim bæ eru að undirbúa innleiðingu verkefnisins hjá sér. Voru þeir

mjög hrifnir af þeim árangri sem starfsmenn Norðuráls hafa náð í öruggu atferli.

Trausti Gylfason



Vissir þú...

...að allir hagnast á notkun áls. Þeim mun meira sem notað er af áli í bíla, þeim mun léttari eru þeir, eyða minna bensíni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með Norðuráli breyta Íslendingar hluta þeirrar miklu orku sem Ísland býr yfir í útflutningsverðmæti og ýta undir vistvæna orkunotkun í heiminum.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Vel hefur gengið að viðhalda góðum árangri í öryggismálum. Það sem af er árinu hafa orðið fimm skráningarskyld slys. Á sama tíma í fyrra höfðu orðið tíu skráningarskyld slys. Þetta er fækkun um helming sem er mjög ánægjuleg þróun. Þá urðu þau ánægjulegu tímamót í mánuðinum að starfsmenn C-vaktar Kerskálans höfðu unnið öruggum höndum í fimm ár án þess að af hafi hlotist fjarveruslys. Ekki nóg með það, því þau hafa einnig náð einu ári án skráningarskyldra slysa. Þetta er frábær árangur hjá þessum hópi og ég óska þeim til hamingju með áfangann. Greint hefur verið frá því að Norðurál Grundartanga hlýtur ISO 9001 vottun frá The British Standards Institute. Innleiðing gæðakerfisins gekk afar vel og ég vil nota

tækifærið og þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn. Við stefnum nú ótrauð á að innleiða ISO 14001 umhverfisstaðalinn og OHSAS 18001 öryggisstaðalinn. Góður árangur hefur náðst í kerrekstrinum að undanförunu og framleiðslan gengið vel. Um mánaðamótin september/október byrjuðum við að nota forskaut af sömu stærð og hafa verið í notkun í þróunarkerunum í D skála, í alla kerlínu 2. Þessi skaut, sem eru 5 cm lengri en þau skaut sem við höfum verið að nota, auka nýtni keranna og höfum við í kjölfarið aukið strauminn í kerlínunni. Það er mikil áskorun fyrir okkur að viðhalda stöðuleika í kerrekstrinum í gegnum þessa breytingu en með nákvæmum vinnubrögðum starfsmanna kerskálans og rétttri stýringu keranna hefur

þessi umbreyting gengið afar vel og án vandræða. Í skautsmiðjunni hefur reynt nokkuð á þar sem hluti þeirra forskauta sem við höfum fengið hafa verið með meiri frávik á stærð og staðsetningu á götum fyrir skautgafflana en við eigum að venjast. Hefur það kostað töluverða útsjónarsemi starfsmanna skautsmiðjunnar að vinna með þessi frávikaskaut en þeim hefur tekist mjög vel að leysa úr þessum vandræðum. Fyrsti vetrardagur var í lok október og því vil ég minna starfsmenn á að búast má við hálfku á gönguleiðum. Stígið varlega til jarðar, gætið að hverju skrefi og haldið ykkur á merktum gönguleiðum sem eru saltaðar reglulega þegar þörf krefur.

Gunnar Guðlaugsson



Yfirlitsmynd af Century Aluminum Vlissingen Operation. Kerskálarnir efst á myndinni tilheyra ekki forskautaverksmiðjunni.

CA Vlissingen Operation

Hinn 15 júní síðastliðinn var gengið frá kaupum Century Aluminum á forskautaverksmiðju hollenska álversins Zalco, en álverið hætti rekstri um síðustu áramót. Forskautaverksmiðjan hefur fengið nafnið Century Aluminum Vlissingen Operation. Verksmiðjan er á iðnaðarsvæði í Suður-Hollandi, skammt frá landamærum Belgíu, og nánast beint austur af London. Mjög góð hafnarastaða er við verksmiðjuna og geta stærstu flutningaskip lagst að bryggju.

Ástæða fjárfestingarinnar

Norðurál hefur lengst af keypt forskaut frá Aluchemie í Hollandi og Neuss í Þýskalandi. Nú síðustu ár hefur Norðurál einnig fengið forskaut frá BHH í Kína, en Century er meðeigandi að BHH. Búið er að segja upp samningum við Neuss og Aluchemie og var því

nauðsynlegt að tryggja næganlegt framboð á forskautum fyrir Norðurál til langs tíma. Þetta er tryggt með tilkomu Century Aluminum Vlissingen Operation.

Mönnun og framleiðslugeta

Um 70 manns munu vinna í verksmiðjunni og verða flest störf unnin í vaktavinnu. Áætlað er að framleiðsla hefjist í júlí 2013 og að framleiðslan það ár verði um 75.000 tonn/ári. Verða forskaut þá bökun í öðrum tveggja ofnanna. Stefnt er að því að framleiðslan verði aukin í allt að 150.000 tonn/ári árið 2014. Verður þá seinni ofninn tekinn í rekstur.

Endurbætur á verksmiðjunni

Gera þarf töluverðar endurbætur og breytingar á verksmiðjunni og er áætlaður kostnaður um 5

milljarðar króna. Helst má nefna breytingar á bökunarofnum, flutningskerfum fyrir skaut til og frá bökunarofnum, og mengunarvarnarbúnaði. Breytingarnar á bökunarofnunum og flutningskerfunum má að miklu leyti rekja til að forskautin sem notuð voru í Zalco álverinu voru nokkuð minni en Norðurálforskautin. Þar af leiðandi þurfa hólfin í bökunarofnunum og færíbönd að vera stærri. Einnig verður settur upp búnaður til að hreinsa skautin eftir bökun, til að saga raufar, og til að stafna og pakka skautum til flutnings.

Mengunarvarnir

Í forskautaverksmiðjum er nauðsynlegt að hreinsa afsog sem myndast við blöndun hráefna og einnig afsog frá bökunarofnunum. Afsogið frá bökunarofnunum var áður tengt við hreinsivirki kerskálanna. Ekki reyndist unnt að nota það kerfi áfram. Var því

kannað, í samstarfi við hollensk heilbrigðisyfirvöld, hvernig best mætti standa að mengunarvörnum verksmiðjunnar. Niðurstaðan var að gerðar verða endurbætur á núverandi vothreinsibúnaði fyrir hráefnablöndunina, en settur verður upp alveg nýr og fullkominn mengunarvarnarbúnaður fyrir bökunarofnana. Er hér um að ræða kerfi sem samanstendur af RTO búnaði (Regenerative Thermal Oxidizer) og vothreinsibúnaði. Einnig munu ofnbrennarnir nýta nýjustu stýrætækni til að tryggja eins hreinan bruna og kostur er. Nýtt og fullkomið eftirlitskerfi mun tryggja að stjórnendur og eftirlitsaðilar hafi áreiðanlegar upplýsingar um virkni búnaðarins á hverjum tíma. Verður því um mengunarvarnakerfi sem stenst kröfuna um BAT (Best Available Technology), þ.e. besta fáanlega tækni.

Guðbrandur Gimmel



Vinstra megin götunnar er blöndunarstöðin þar sem græn forskaut eru framleidd og geymslur fyrir græn skaut. Hægra megin götunnar eru húsin sem hýsa bökunarofnana.



Hér sjást skautleifa- og bikgeymarnir. Framleiðsla á grænum skautum fer fram í byggingunni sem sést á bak við geymana.



Hér sést annar tveggja löndunarkrana verksmiðjunnar. Myndin er tekin úr hinum löndunarkrananum. Þessir kranar voru notaðir til að losa súrál og koks úr skipum.



Hér sést annar tveggja bökunarofnana og einn brúkrananna sem notaður er til að hlaða og losa skaut úr bökunarofnunum.

Gestabækurnar á Akrafjalli

- Eitt af samfélagsverkefnum Norðuráls

Akurnesingurinn Jón Pétur Pétursson, íbúi á Akranesi, hóf árið 1997 að koma fyrir gestabókum á tindum Akrafjalls. Jón var þá orðinn eftirlaunamaður og hafði yndi af útiveru og gönguferðum. Bækurnar eru á Háahnjúki og Geirmundartindi og er haganlega komið fyrir í þar til gerðum stöndum sem Jón hafði fyrir að smíða og koma fyrir. Göngumenn sem hafa lagt leið sína á tindana hafa ritað

nöfn sín í þær og oft hafa fylgt með staka stökur og upplýsingar um veður, færð og hitatölur. Jón fór sjálfur margar ferðir í viku hverri á fjallið og sá um að endurnýja bækurnar eftir þörfum. Eftir að Jón Pétur féll frá árið 2009 vantaði einhvern til að sjá um bækurnar. Nokkrir starfsmenn Norðuráls tóku það að sér og síðustu ár hafa þeir séð um að endurnýja gestabækurnar á fjallinu. Jafnframt var gerður samningur við Norðurál

um að fyrirtækið stæði straum af kostnaði við bækurnar. Norðurál gefur bækurnar í minningu Jóns Péturs og eru þær áletraðar honum. Frá árinu 2009 hafa 11 bækur verðir gefnar. Útfylltar bækur eru varðveittar í Bókasafni Akraness. Þessar gestabækur geyma nöfn þeirra sem gengið hafa á Akrafjall síðan árið 1997 og eru um leið minnisvarði vaskra göngumanna.

Trausti Gylfason.



Norðurál gefur bækurnar á tindum Akrafjalls.



Bækur frá árinu 1997 eru varðveittar í Bókasafni Akraness.



Trausti Gylfason, Pétur Svanbergsson, Gunnar Guðmundsson og Harpa Gunnarsdóttir á Háahnjúki.



Vaskir göngumenn.

Hinn Gullni meðalvegur

Fjölmíðlar fjalla mikið um það sem veldur því að heimurinn er að springa úr spiki. Yfirleitt taka skyndibita-, gosdrykkja- og sælgætisframleiðendur skellinn og ábyrgðin er oft tekin af fólki sem þjáast af offitu og matarfíkn.

Hvað með skammtastærðina? Er hægt að kenna skyndibitakeðjunum um hversu mikið við kjósum að borða? Jú, skammtarnir hafa stækkað í gegnum tíðina og meira af óhollustu er í boði. Við getum þó ekki alltaf skýlt okkur á bak við aðra þegar kemur að ofáti. Okkar neysla er á okkar ábyrgð, ekki annarra og því er nauðsynlegt að við lærum á eigin líkama og lyst.

Þegar við förum í „megrun“ (orð og hugtak sem ég hef ímugust á) þá er alltaf eitthvað bannað. Sérstök bannvara eins og sykur, fita og kolvetni. Kolvetni er eina næringarefnið sem heilinn og taugakerfið geta unnið úr og því er nauðsynlegt að allt að 60% af heildarhitaeiningum okkar komi frá kolvetnum.

En kolvetni er ekki það sama og kolvetni. Ástæðan fyrir því að svo margir setja bann við kolvetnum er sú að þeir sem borða óhollan mat í óhófi neyta slæmra kolvetna, eins og hvíts

hveitis, sykurs ofl. Góðu kolvetnin, sem eru okkur lífsnauðsynleg, fáum við úr grænmeti, ávöxtum (með hýðinu á, því trefjarnar eru í hýðinu), heilhvætipasta, grófu brauði ofl.



Norræna næringarráðgjöfin mælir með neyslu allt að 60% heildarhitaeininga dagsins úr kolvetnum eins og áður segir en að einungis 10% af heildarhitaeiningunum komi úr sykri. Oftast er þessu hlutfalli snúið við þegar einstaklingur er fastur í vítahringi óhollustu. Norræna næringarráðgjöfin mælir með: **55% Kolvetni**, þar af 10% frá sykri. Góðu kolvetnin koma úr grænmeti, rötargrænmeti,

ávöxtum, heilhvætipasta og heilhvætipasta. **25% Fita.** Jafnt hlutfall skal vera milli mettaðrar, einómettaðrar og fjólómettaðrar fitusýru (1+1+1) en í nútímamataræði er hlutfallið 3+1+1 og augljóst hvar hætturnar á hjarta- og æðasjúkdómum liggja.

25% Prótein. Um 1 gr. af próteinum á hvert

líkamskiló. Með fjölbreyttu mataræði er ekki nauðsynlegt að notast við fæðubótaefni til að ná því takmarki.

Ekkert er bannað þegar við breytum um lífsstíl og ef við ætlum að grenna okkur verðum við að bera ábyrgð á eigin neyslu og skömmtum. Skammtastærðirnar valda offitu, ekki eingöngu maturinn sjálfur. ALLT er gott í hófi og ef vafi leikur á því hvað telst hóf þá er ráðlagt að leita til sérfræðings til að fá upplýsingar.

Látum ekki ginna okkur út í megrunarkúra því þeir virka ekki til lengri tíma. Það eina sem virkar er lífsstílsbreyting og breyting á hugarfari og venjum. Til að grennast þurfum við að neyta færri hitaeininga en við brennum. Því er hægt að ná með aukinni hreyfingu, minni matarskömmtum sem neytt er á 3-4 klst fresti yfir daginn og 8 tíma svefni.

Sverrir Björn Þráinsson grenningarráðgjafi

Ganga.is 2012

Starfsfólki Norðurláls bauðst nú, annað árið í röð, að taka þátt í ganga.is sem er sumarverkefni UMFÍ. Starfsmenn mynduðu lið og skráðu skokk-, hjóla-, göngu- og fjallgönguferðir á vef átaksins og söfnuðu

Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	136.000
Mæðrastyrsnefnd Vesturlands	14.000
Styrktarfélag Krabbameinssjúkra barna	27.000
Reykjadalur, sumarþúðir fyrir fötlúð börn	178.500

þannig áheitum til styrktar ákveðnum góðgerðarmálum. Upphæðin sem hver starfsmaður gat safnað tengdist því hversu oft hann hreyfði sig og gat hæst orðið 4.500 kr. hjá hverjum þátttakanda. Að auki greiðir Norðurlál liðsverðlaun að upphæð 75.000 kr. Þrjátíu og tveir starfsmenn í 10 liðum skráðu einhverja hreyfingu og framlag starfsmanna til góðgerðarmálanna varð alls 130.500 kr. 1. Liðsverðlaun hlaut lið Öryggissviðs þar sem 60% starfsmanna sviðsins tók þátt í átakinu. Þeirra góðgerðarfélag fær því 75.000 kr. til viðbótar við framlag starfsmanna 2. Liðsverðlaun féllu í skaut liðs A-vaktar steypuskála sem toppaði allt með 73 skiptum

að meðaltali í hreyfingu og nældu þau þannig í 75.000 kr. til styrktar sínu góðgerðarfélagi til viðbótar við eigið framlag. Besta einstaklingsárangrinum náði Bjarni Borgar í liði A-vaktar steypuskála með 101 skráða hreyfingu, og nældi hann því í 3. liðsverðlaunin og þar með aðrar auka 75.000 kr. fyrir góðgerðarfélag liðsins. Heildarframlag okkar til góðgerðarmálanna er því alls 355.500 kr. Þessu til viðbótar er gaman að segja frá því að lið D-vaktar kerskála var með flesta liðsmenn innanborðs og safnaði alls 35.000 kr. sem er hæsta starfsmannaframlagið þetta árið.

Steinunn Kr. Pétursdóttir



Stækkar í takt við álverið

Fyrir tæpum fimmtán árum var hann 24 ára, þvengmjór og nýráðinn til starfa hjá Norðuráli. Fyrsta starf Sverris Þórs Guðmundssonar, vaktstjóra í Skautsmiðju, var að sópa gangana og aðstoða rafvirkja við að festa rafmagnskapla.

Framleiðsla var ekki hafin þegar Sverrir mætti til vinnu á Grundartanga. Hann hafði þá fengið nóg af því að vinna í fiski. Í sex ár hafði hann verið hjá frystihúsi HB Granda á Akranesi eða frá því hann varð átján ára. Nýir starfsmenn Norðuráls voru sendir á námskeið þar sem farið var yfir öryggisatriði, þeim var sagt frá hættunum og greint frá því hvað gert væri í álverum. „Meira var það nú ekki,“ segir Sverrir. „Við náttúrulega vissum ekkert hvað við vorum að fara út í þarna á upphafsárunum, en þetta var skemmtilegur tími. Ég vildi ekki hafa misst af þessu en veit ekki hvort ég væri tilbúinn í þessar aðstæður aftur. Það að þurrstarta kerfi er til dæmis eitthvað sem ekki margir fá að kynna.“

Það er fyrsta kerfið sem er sett í gang í kerskála útskýrir Sverrir fyrir blaðamanni. Sumsé engin raflausn til að „kikk-starta“ kerinu og því þarf að hita það þar til kemur að bræðslumarki raflausnar eða baðefnisins.

„Það þarf að þrýsta stöðugt undir skautin og vera algerlega í nánd við kerin. Tveir starfsmenn lentu í því að hjálmarnir, sem þola yfir 50C°, bráðnuðu eða aflöguðustu á hausnum á þeim. Hitinn var það mikill. Yfirleitt er raflausn fengin hjá nágrannaálverum til að starta en það var of langt í lsal til að það gengi,“ rifjar hann upp. „Við erum ekki margir eftir úr þessum hópi.“ Þetta var byrjunin. Sextíu þúsund tonna álver sett á laggirnar, svo varð það 90 þúsund tonn sem urðu 180 og loks 260 þúsund. Hvernig hafa þessar stækkanir gengið fyrir sig? „Blóð, sviti og tár. Það má bara segja það. Að sama skapi hefur lærdómurinn verið mikill og nú vinnum við hlutina fagmannlega. Þú hugsar líka á annan hátt þegar þú mætir í vinnuna í dag. Þér finnst þú öruggur.“

EKKI SAMI VINNUSTAÐURINN

Eins og flestir vita var Norðurál í eigu Kenneth Peterson á upphafsárunum og eins og Sverrir orðar það: „Hann átti þetta og sinnti sínu. Ég var einhvern tíma sendur út um hánótt til að hjálpa starfsmanni við að fylla á flúor. Á þeim tíma fór það þannig fram að sekkir voru hífðir upp í rjáfur þar sem hellt var úr þeim. Það sást ekkert hver tók á móti þessu. Að verki loknu kemur starfsmaðurinn niður og það var Kenneth Peterson. Þú gast jafnvel búist við að hann birtist til að aðstoða í miðjum skautskiptum

hvenær sem var sólarhrings. Álverið var hans.“ Þetta er ekki sami vinnustaðurinn og þegar þú byrjaðir?

„Langt því frá. Umhverfið er orðið tæknivæddara, afsogskerfi hafa lagast, reykheinsivirkin eru betri, umgengnin allt önnur og búnaður er traustur og viðhaldi sinnt. Við erum á réttri leið.“

Sverrir hefur fengið að gera meira en að sópa hjá Norðuráli. Frá 1998 til 2006 var hann í Kerskálanum.

„Árið 2003 tek ég þá afdrifaríku ákvörðun að fara í nám með vinnu. Vélvirkinn varð fyrir valinu og ég ætlaði mér að verða vaktvélvirkir. Ég fór út á vélaverkstæði 2006 og vann við almenn viðhaldstörf. Þegar gallar í skelbrjótum í kerskála komu í ljós var ég fenginn til að stýra því



verkefni að skipta út öllum skelbrjótum í kerum C og D skála. Í því starfi hjálpaði mikið að ég þekkti virkni á kerunum frá því að ég vann í kerskála og var búinn að læra vélvirkjun. Ég var vélvirkir í Kerskála til 2009 en þá tók ég við stöðu liðstjóra yfir viðhaldshópi í Efnisvinnslu. Þá fór ég líka í háskólann að læra véliðnfræði.“ Hvernig gengur að vera í námi og vinnu? „Þetta var ekkert mál, bara ekkert mál þar til ég kynntist Árna Stefáns,“ segir Sverrir og skellihlær.

„Ég tók að mér viðamikil starf, vaktstjórastöðu úti í skautsmiðju í febrúar 2011. Það hægði mikið á náminu við það og ég fækkaði fögunum sem ég tók á önn. Ég er núna á síðasta vetri fyrir lokaverkefni.“

Snarvitlaus dellukarl

Fram að sex ára aldri bjó Sverrir í Þorlákshöfn þaðan sem faðir hans sótti sjó. Þegar hann ákvað að skipta um starfsvettvang flutti fjölskyldan á Akranes þar sem þau munu vera skyld öðrum hvorum manni að sögn Sverris. Á Akranesi fann hann líka konuna sína, Guðrúnu

Fanneyyju, og saman eiga þau börnin Maríu Eddu sem er 12 ára og Guðmund Darra 16 ára. „Ég á erfitt með að sjá að grasið sé eitthvað grænna hinum megin,“ segir Sverrir spurður hvort hann hafi einhvern tíma velt því fyrir sér að flytjast búferlum. Hins vegar ferðast fjölskyldan talsvert og ferðalög eitt af fjölmörgum áhugamálum Sverris. Til dæmis lyftir hann lóðum fjóra til fimm daga vikunnar ef vinna, skóli eða fjölskylda stoppar það ekki. Það hefur orðið þess valdandi að ungi maðurinn sem var 74 kíló þegar hann byrjaði hjá Norðuráli er núna 115 kíló.

„Ég missi mig í öllu sem ég tek mér fyrir hendur, er snarvitlaus dellukarl. Ég er búinn að taka golfið, missti mig þar í tvö sumur þannig að konan sá mig ekki mánuðum saman. Veigraði mér ekki við að taka 36 eða 45 holur. Ég er búinn að missa mig algerlega í veiðinni; skot- og stangveiði. Ég fór í mótörhjól um tíma og var einn af stofnendum mótörhjóla klúbbsins á Akranesi. Fór svo í vélsleðana og stundaði það sport í 3 ár. Fór upp um öll fjöll og firnindi. Ef ég heyrði af fól einhvers staðar þá var ég farinn.“ Sverrir segist ekki þola að fá lánaða hluti, honum líði illa með tæki sem einhver annar á: „Ég keypti allar græjur, mér finnst ég verða að eiga hlutina til að njóta þeirra og vil ekki skemma annarra manna eigur. Ég er fljótur að fá leið á því sem verður venjulegt eða stendur ekki fyllilega undir þeim væntingum sem ég hafði. Það gerir það að verkum að ég er alveg hættur að fara á mótörhjóla eða vélsleða og hef lagt golfið og veiðigræjur á hilluna.“ Ljósmyndun er nýjasta áhugamál Sverris og allt annað hefur verið sett á bið. Hann segist aðallega taka landslagsmyndir, fólk sé erfiðara viðfangs. María Edda dóttir hans deilir þessum áhuga.

„Konan mín er rosalega ánægð með ljósmyndáhugann, enda þýðir það að ég er ekki alveg eins mikið á ferðinni.“ Hann segir að gæsin í höfuðborginni veki þó í honum veiðimanninn á þessum tíma árs, en byssan verði láatin liggja í kyrr í skápnunum í bili. Sonur Sverris, Guðmundur Darri, er svo nýfarinn að mæta í ræktina eins og pabbi og æfir þar með Pétri Svanbergs. „Honum gengur vel, þökk sé fifflalátunum í Pétri. Ég veit ekki hvort það eru æfingarnar sjálfar sem trekkja eða hvort hann mæti bara til að hitta Pétur.“

Það er ekki úr vegi að spyrja manninn sem gengið hefur í gegnum allar breytingar á Grundartanga hvernig honum lítist á það sem framundan er, framleiðsluaukning og stækkun.

„Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að ég sóttist eftir því starfi sem ég er í núna. Ég vissi að það væru spennandi tímar framundan í skautsmiðjunni. Mér finnst mjög erfitt að fara í starf þar sem búíð er að móta allt. Ég vil fá að taka þátt í hlutunum.“



Sverrir og tækin sem nú hefur verið lagt.



Landslagsmyndir eftir frístundaljósmyndarann Sverri.

Spurning dagsins

Ferð þú á jólahlaðborð?



Gunnar Freyr Guðlaugsson, c-vakt Kerskála:

Ég hef ekki farið lengi, en ætla að fara á jólahlaðborð Norðurláls í ár.



Kristján Þór Gunnarsson, c-vakt Kerskála:

Já, ég ætla á jólahlaðborð hjá Norðurláli. Hef farið einu sinni áður á Grand Hótel.



Sigurbjörg Frimannsson, c-vakt Kerskála:

Ef það er í boði þá gripur maður það. Það er ekkert fióknaa en það.



Arna Björk Árnadóttir, mótuneyti:

För alltaf sem krakki og svo hef ég farið síðustu tvö ár á jólahlaðborð Norðurláls.



Sýlvía Rós Helgadóttir, mótuneyti:

Það eru mörg ár síðan ég hef farið á jólahlaðborð og ég bara veit ekki hvort ég fer núna.



Starfsfólki Norðurláls barst þetta bréf frá sigurreifum körfuboltakönnum. Þær gerðu sér lítið fyrir og unnu einnig næsta stórverkefni, lögðu Njarðvík og urðu Meistarar meistaranna. Til hamingju!

Ágæta stuðningsfólk Snæfells!

Um leið og við þökkum ykkur endalausan stuðning sendum við ykkur þessa mynd af okkur frá því að við unnum við Lengjubikarinn, áður höfum við unnið Ljósanóttina. Baráttukveðjur og ÁFRAM SNÆFELL

Hver er?

Nafn: Finnur Marínó Flosason

Starf: Framleiðslusérfræðingur

Fæðingarstaður, -dagur: Reykjavík, 15. ágúst á því herrans ári 1981.

Fjölskylduhagur: Er í sambúð og á eina tveggja og hálfis árs dóttur.

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðurláli? Í september 2012

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Í augnablikinu er það að spila fótbolta með æskufélögnum og fara í sund með dótturinni. Ég hef líka sérlega gaman af því að elda góðan mat.

Aðaláhugamálið? Ferðalög, veiðar, eldamennska og útivist.

Uppáhalds matur? Grillað lambalæri með villibráðarsósu og brúnuðum kartöflum.

Uppáhalds drykkur? Ísköld mjólk.

Ertu hjátrúafull/ur? Nei, engan veginn.



Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta? Egil Skallagrímsson.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Hef ekki fylgst með neinum nýjum þáttum

undanfarið, en ég hef alltaf gaman af Arrested Development.

Besta bókin sem þú hefur lesið? Íslendingasögur á borð við Egils Sögu og Njálu.

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? Machine Head kemur blóðinu hressilega af stað.

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Fótballi, útihlaup og hjólræiðar.

Lýstu þér í þremur orðum? Ákveðinn, jákvæður, nautnaseggur.

Fallegasti staður á Íslandi? Glymur, hér í Hvalfirðinum.

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Japans og Nýja Sjálands, svo dreymir mig oft um að ferðast með konunni einhvern tímann til Bora Bora eyja.

Framtíðarplön? Ferðast, njóta lífsins og rækta fjölskyldu- og vinabönd.

Fimm tonna konurnar

Við sækjum þvottinn, tökum úr vösum, snúum flíkunum við, þvöum, þurrkum, brjótum og skilum," segir Sigrún Dúna þegar hún er spurð að því hvernig hún myndi lýsa vinnudegi í þvottahúsinu. Sigrún Dúna og Rósa Pálsdóttir hafa starfað þar frá því þvottahúsið flutti til Norðuráls árið 2002. Þar áður var þvottahúsið til húsa hjá Járblendinu í 24 ár.

Til að gefa fólki hugmynd um hvað biður þeirra á mánudögum þá er listinn á þessa leið:
600 buxur
600 skyrtur
300 til 400 moppur
40 til 50 samfestingar, úlpur og kuldagallar
300 til 400 handklæði
Heilu haugarnir af moppum og tuskum

Til samanburðar þá taka góðar heimilisvélur 5 kíló af þvotti. Þurrkararnir eru auðvitað tröllauknir líka. Áður en sett er í vél þarf að ganga úr skugga um að vasarnir á flíkunum séu tómir. Það er lyginni líkast að hlusta á starfsfólk þvottahússins telja upp það sem alvanalegt er að þær rekist á. Plastglös, hnífar, peningar, símar og miðar á árhátíðina voru víst algengir í októbermánuði.



Starfsmenn Þvottahússins: Hrafnhildur Ólöf Bjarnadóttir, Sigrún Dúna Karlsdóttir og Sonja Rut Jóhannsdóttir. Á myndina vantar Rósu Pálsdóttur.

Auk þeirra Sigrúnar Dúnu og Rósu starfa þær Hrafnhildur Ólöf og Sonja Rut í þvottahúsinu. Sonja Rut hefur verið þar á fjórða ár en Hrafnhildur Ólöf sem starfaði í skautsmiðjunni bættist í hópinn í sumar. „Ég fór frá skitugasta staðnum á þann hreinasta," segir hún brosandi. Allar eru þær frá Akranesi, nema Sonja Rut sem kemur úr Svinadalnum. Þær eru starfsmenn ISS og þvo þvott fyrir Norðurál, Járblendinu, Klafa, Héðinn, Rafmiðlun, HRV, ISS á Akranesi og GTT.

Sigrún Dúna segir að það hafi einhvern tíma verið tekið saman hvað þær fengju mikið af þvotti til sín á mánuði. Niðurstaðan var 36 þúsund stykki eða 21 tonn. Það eru ríflega 5 tonn á hvern starfsmann á mánuði.

Tannstönglarnir allra verstir

Þvottavélarnar eru heldur engin smásmíði, ein tekur 50 kíló, önnur 60 kíló og sú þriðja tekur 10 kíló og er notuð fyrir finni þvott segja þær.

„Verstir eru tannstönglarnir sem stingast í fingur og undir neglur þegar maður reynir að tína þá úr vösum," segir Hrafnhildur Ólöf. „En það allra versta eru þó föt á röngunni, sem þarf að snúa við. Þau tefja fyrir, sérstaklega nýju buxurnar með legghlífunum," bætir Sonja Rut við.

Við notum því tækifærið og biðjum starfsfólk Norðuráls um tvennt :

1. Fjarlægja tannstöngla úr vösum.
2. Ekki senda föt á röngunni í þvottahúsið.

-sól

ERFIÐ						MIDLUNGS						AÚÐVELD								
2					6		4		6		5	6				7		5		
		8		5	3		2			9		7	1			8	6			
	6	4	9		5	8			3	7		6	3	7	1		6	9	2	
		9			8	4	9					2		3		4	1	5	9	
	5			7		4		5		2	1				5		3	2		
	8			6	7		1			5	3	4	9	1		7			6	
		3		4	8	1		6		1	5		3	7	6		2	5	9	1
		7	5		9		5		8			4				9	3			8
6						4	2			9	5			4		7				6



Jólabætur

Starfsmannafélags

Norðurláls

á Grandhotel

8. desember 2012



Rútuferðir:

Frá Hymunni í Borgarnesi kl. 18:15

Frá Stöðinni Akranesi kl. 18:30

Heim aftur kl 24:00 og eftir ball

Yfir 20 réttir á glæsilegum hátíðarmatseðli

Húsið opnar kl. 19 með fordrykk

Skráning hjá Jakob á lager s: 664-8515

Helgi Björnsson

Jólabjöllurnar

Hljómsveitin Hafrot

Verð á gistingu með morgunverði
á Grandhotel :

Einstakingsherbergi 1 nótt kr 11.900.-
2 nætur kr 22.400.-

Tveggja manna herbergi 1 nótt kr 13.200.-
2 nætur kr 25.800.-